

# Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

**Ársskýrsla 2018**

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Ársskýrsla 2018

Ársskýrsla Bjarkarhlíðar fyrir árið 2018

Ábyrgðaraðili: Ragna Björg Guðbrandsdóttir Teymisstjóri Bjarkarhlíðar

Útgáfustaður: Reykjavík, ágúst 2019

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfisvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg [www.bjarkarhlid.is](http://www.bjarkarhlid.is)

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

<u>Sagan</u>	<u>3</u>
<u>Bjarkarhlíð sem frjáls félagasamtök</u>	<u>3</u>
<u>Hugmyndafræði</u>	<u>4</u>
<u>Hlutverk Bjarkarhlíðar</u>	<u>4</u>
<u>Markmið Bjarkarhlíðar</u>	<u>4</u>
<u>Samstarfsaðilar</u>	<u>4</u>
<u>Alþjóðlegt samstarf</u>	<u>5</u>
<u>Birtingarmyndir ofbeldis</u>	<u>6</u>
<u>Fræðsla</u>	<u>6</u>
<u>Ferlið í Bjarkarhlíð</u>	<u>8</u>
<u>Tölulegar upplýsingar</u>	<u>9</u>
<u>Um þolendur</u>	<u>9</u>
<u>Ástæða komu í Bjarkarhlíð</u>	<u>10</u>
<u>Hver benti á Bjarkarhlíð</u>	<u>11</u>
<u>Almennt um ofbeldið og afleiðingar þess</u>	<u>11</u>
<u>Þjónustuleið innan Bjarkarhlíðar</u>	<u>12</u>
<u>Samstarfsverkefni</u>	<u>13</u>
<u>Þjónustukönnun</u>	<u>13</u>
<u>Styrkir</u>	<u>14</u>
<u>Bjarkarhlíð og framtíðin</u>	<u>14</u>
<u>Bjarkarhlíð varanlegt verkefni</u>	<u>15</u>

## Sagan

Undirrituð var viljayfirlýsing samstarfsaðila sem komu að stofnun Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, þann 4. október 2016. Þar var ákveðið að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma hafði verið starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu fulltrúa. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016 og sérfræðings í janúarlok 2017. Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi, MSW var ráðin verkefnastjóri og Hafdís Inga Hinriksdóttir félagsráðgjafi, MA sem sérfræðingur. Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknarlögreglukona kom síðan til starfa fyrir hönd lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um miðjan mars 2017. Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaflóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands sjá um reglulega viðveru í Bjarkarhlíð sem samsvarar um 80% stöðugildi. Auk þess sem Barnavernd Reykjavíkur er með aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinna börnum sem verða vitni að ofbeldi.

## Bjarkarhlíð frjáls félagasamtök

Rekstrarform Bjarkarhlíðar verður í formi frjálsra félagasamtaka. Voru samtökin formlega stofnuð í febrúar 2017. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar tilnefni einn í stjórn og einn varamann. Velferðarráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa tvo aðalmenn og varamenn í stjórn. Formaður stjórnar er Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands. Haldnir voru þrjár stjórnarfundir á árinu 2018 auk aðalfundar. Unnið hefur verið að breytingum á samþykktum félagsins sem lagðar verða fyrir aðalfund 23. maí 2019.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar samanstendur af fimm aðilum sem kosnir eru á aðalfundi og fimm til vara. Formaður framkvæmdastjórnar á starfsárinu 2018 var Lovísa Lilliendahl, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu. Framkvæmdastjórn heldur oftast fundi tvisvar í mánuði og voru haldnir 19 fundir á árinu 2018. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri Bjarkarhlíðar og vinnur verkefnastjóri í þeirra umboði. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur stutt við starfsemi Bjarkarhlíðar frá upphafi og hafa launamál og bókhald farið í gegnum kerfi borgarinnar. Áformað er að í lok ársins 2018 verði öll starfsemin komin undir Bjarkarhlíð.

## **Hugmyndafræði**

Family Justice Center hugmyndafræðin byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnar í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin var vel kynnt í Bandaríkjunum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland er áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en Malmö í Svíþjóð hefur til dæmis unnið eftir þessu módeli í mörg ár. Megin inntakið í hugmyndafræðinni er að veita þjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

## **Hlutverk Bjarkarhlíðar**

Bjarkarhlíð býður upp á ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað þar sem hægt er að fá einstaklingsviðtöl, lagalega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Auk þess sem lögregla veitir upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða hafa samband í gegnum samfélagsmiðla. Frá ársbyrjun 2019 verður boðið upp á netbókanir.

## **Markmið Bjarkarhlíðar**

Markmið Bjarkarhlíðar er að auka öryggi þjónustuþega og stuðla að valdeflingu þeirra. Veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis. Taka þátt í og koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu og senda skýr skilaboð um hver ber ábyrgð á ofbeldinu. Að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi fyrir alla þolendur ofbeldis í nánnum samböndum. Sérstök áhersla er á viðkvæma hópa í samfélaginu eins og þolendur mansals.

## **Samstarfsaðilar**

Reykjavíkurborg leggur til húsið Bjarkarhlíð við Bústarveg, þar sem miðstöðin er til húsa, auk þess sem Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar sá um þjónustu í formi

bókhalds og launahalds á árinu 2018. Velferðarráðuneytið leggur til fjármagn, 10 milljónir á árinu 2016 og 20 milljónir árin 2017 og 2018 sem tryggir stöðugildi tveggja starfsmanna í Bjarkarhlíð. Dómsmálaráðuneytið hefur tryggt fjármagn sem samsvarar 20 milljónum fyrir árin 2019, 2020 og 2021 auk þess að koma að undirbúningi verkefnisins frá upphafi og eiga fulltrúa í stjórn. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í fullu starfi sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Grasrótarsamtökin Stígamót og Kvennaathvarfið eru með ráðgjafa í Bjarkarhlíð sem samsvarar 40% stöðugildi, Drekaflóð, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin eru með 40% stöðugildi samanlagt.

### **Alþjóðlegt samstarf**

Bjarkarhlíð er aðili að samtökunum *European Family Justice Center*. Samtökin hafa sýnt Bjarkarhlíð velvild og stuðning frá upphafi og komu tveir stjórnarmenn í heimsókn í september 2017 til að kynna sér miðstöðina. Eins var leitað til Bjarkarhlíðar varðandi handbók um hugmyndafræði Family Justice Center og starfsemina í Evrópu sem gefin var út í nóvember 2017. Árið 2018 tók Bjarkarhlíð þátt í gerð myndbands um starfsemi Bjarkarhlíðar á Íslandi sem sýnt var á ráðstefnu EFJC 2018<sup>1</sup>. Tveir fulltrúar Bjarkarhlíðar, verkefnastjóri og starfsmaður lögreglu, fóru í kjölfarið á ársfund og ráðstefnu hjá samtökunum í nóvember 2017 og aftur 2018. Auk þess sem fulltrúar frá Kvennaathvarfinu og Kvennaráðgjöfinni sóttu ársfund í París í nóvember 2018.

Verkefnastjóri tók þátt í norrænum samráðshópi sem styrktur er af Norrænu ráðherranefndinni og settur var saman í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um stöðu og úrræði fyrir þá sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi í æsku. Vinnufundur verkefnisins var í Reykjavík í október 2018. Berglind Guðmundsdóttir, sálfræðingur á LSH, kynnti starfið á Íslandi og greindi frá Bjarkarhlíð og Stígamótum í sínu erindi. Auk þess sem Ingibjörg Broddadóttir sérfræðingur félagsmálaráðuneytis kynnti aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar varðandi ofbeldi.

---

<sup>1</sup> <https://www.efjca.eu/centers/video-about-fjc>

Í apríl 2018 sótti verkefnastjóri sótti ráðstefnu í Texas í Bandaríkjunum og kynnti þar starf Bjarkarhlíðar á *18th Annual International Family Justice Center Conference*. Tveir fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sóttu þessa ráðstefnu einnig.

Verkefnastjóri, formaður framkvæmdastjórnar Bjarkarhlíðar og sálfræðingur Barnaverndar Reykjavíkur voru með sameiginlega vinnustofu um Bjarkarhlíð og samstarfið á *European Social Services Conference* sem haldin var í Sevilla á Spáni í maí 2018.

### **Birtingarmyndir ofbeldis**

Þjónustupegar Bjarkarhlíðar eiga margir það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi í nánum samböndum og eru tilbúnir að vinna með þær afleiðingar sem fylgja slíku áfalli. Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra stofnanna líkt og í Bjarkarhlíð getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.

- **Líkamlegt ofbeldi:** kýla, slá, sparka, hrinda.
- **Andlegt ofbeldi:** skamma, ógna, niðurlægja, stjórna.
- **Kynferðisleg ofbeldi:** nauðgun, sífjaspell, kynferðisleg áreitni, stafrænt kynferðislegt ofbeldi, klám, mansal.
- **Fjárhagslegt ofbeldi:** fjármunum haldið frá fólki/notaðir í ósamræmi við vilja einstaklings.
- **Efnislegt ofbeldi:** Eignaréttur ekki virtur, hlutir eyðilagðir.
- **Vanræksla:** aðstoð haldið frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **Elta:** að elta manneskju og sitja fyrir henni gegn vilja hennar - eltihrellir.
- **Stafrænt ofbeldi:** Senda ítrekað skilaboð gegnum samfélagsmiðla. Hótanir um að birta opinberlega nektarmyndir – stafrænt kynferðislegt ofbeldi.
- **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

### **Fræðsla**

Fagfólk úr ýmsum starfsstéttum hefur sýnt starfsemi Bjarkarhlíðar áhuga og hafa verið tíðar heimsóknir frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum, ásamt því að starfsfólk

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Ársskýrsla 2018

Bjarkarhlíðar hefur kynnt starfsemina þar sem þess er óskað. Þar á meðal í Þjónustumiðstöð Árbæjar, Heilsugæslunni í Mjódd og Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Laganemar frá Háskólanum í Reykjavík á vegum Svölu Ísfeld Ólafsdóttur komu og kynntu sér starfsemina. Starfsfólk Neyðarmóttökunnar, Fangelsismálastofnunar, ÍBR, Öryrkjabandlags Íslands, félagsráðgjafar frá Landakoti og félagsþjónustu Vesturbæjar og miðbæjar komu einnig í heimsókn ásamt starfsfólki og þjónustuþegum Tinnuverkefnisins í Reykjavík. Starfsfólk Bjarkarhlíðar fékk fræðslu frá Umboðsmanni skuldara og BDSM samtökunum. Félags og barnamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason kom í heimsókn í Bjarkarhlíð og kynnti sé starfsemina.

Haldin voru fimm fræðsluerindi árið 2018 í formi opins húss í Bjarkarhlíð tveggja ára starfsafmæli Bjarkarhlíðar var fagnað með opnu húsi og hjálpuðust gestir og velunnarar að því að gera daginn hátíðlegan. Samtökin Erindi kynntu starfsemi sína en þau vinna að forvörnum gegn einelti. Edda Björk Þórðardóttir nýdoktor við læknadeild HÍ kynnti rannsóknina „áfallasaga kvenna“ og Logan Smith ræddi um reynslu sína af því að vera fórnarlamb mansals í heimalandi sínu Bandaríkjunum og samtökin Stop The Traffik sem hún er talsmaður fyrir á Íslandi.

Í sumarbyrjun 2018 fór átakið „Þekktu rauðu ljósin“ í samstarfi við Kvennaathvarfið af stað en það var fjármagnað úr Jafnréttissjóð Íslands 2017. Haldið var málþing í samstarfi við baráttukonur gegn ofbeldi í júní byrjun sem markaði upphaf átaksins. Gerð voru fimm myndbönd þar sem konur sögðu frá reynslu sinni af ofbeldi í nánnum samböndum og hvernig þær hefðu ekki þekkt rauðu ljósin eða viðvörunarmerki um að ofbeldi væri í sambandinu fyrr en of seint. Myndböndin voru síðan í dreifingu á samfélagsmiðlum og er hægt að nálgast þau youtube en einnig á heimasíðu Bjarkarhlíðar og Kvennaathvarfsins.

Haldið var hálf dags námskeið með Svövu Brooks sem kynnti TRE® (Tension, Stress og Trauma Release Exercises) fyrir starfsfólki Bjarkarhlíðar og samstarfsfólki sem koma að vinnunni í Bjarkarhlíð.

Sendiráð Bandaríkjanna hélt vinnustofu í samstarfi við Bjarkarhlíð um mansal „Trafficking in Persons Roundtable Discussion and Lunch with U.S. Prosecutor Barbara Martins“ en tengiliður frá Bandaríska sendiráðinu var Emily Cintora.

Bjarkarhlíð er aðgengileg í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook og hafa þjónustuþegar nýtt sér það auk þess sem viðburðir og fræðsla er auglýst þar. Á heimasíðu Bjarkarhlíðar



## Bjarkarhlíð við Bústaðarveg Ársskýrsla 2018

<https://www.bjarkarhlid.is> er hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina og þjónustu sem er í boði bæði á íslensku og ensku. Þar er einnig hægt að bóka tíma í fyrsta viðtal til ráðgjafa.

### Ferlið í Bjarkarhlíð

Ekki þarf tilvísun til að koma í viðtal í Bjarkarhlíð. Við komu í Bjarkarhlíð tekur teymisstjóri eða sérfræðingur fyrsta viðtal við þjónustuþega. Fyllt er út komuviðtal þar sem bakgrunns upplýsingum um viðkomandi og eðli ofbeldisins er safnað í gagnagrunn. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.



Biðstofan í Bjarkarhlíð

Flestir þeirra sem koma í fyrsta viðtal til halda áfram í stuðningi eða upplýsingaviðtali hjá samstarfsaðilum úr grasrótarsamtökunum. Þannig er algengt að þjónustuþegi hitti nokkra aðila og endi síðan í viðtölum hjá stuðningsaðila líkt og Kvennaathvarfinu, Drekaflóð eða


Stígamótum. Stígamót og Drekaslóð hitta oftast viðkomandi í nokkur skipti í Bjarkarhlíð en bjóða síðan upp á framhaldsviðtöl í húsakynnum sínum. Kvennaathvarfið hefur nýtt húsnæði Bjarkarhlíðar til þess að veita karlmönnum ráðgjöf sem ekki er hægt í neyðarathvarfi fyrir konur.

## Tölulegar upplýsingar 2018

### 1. Um þolendur; Heildarfjöldi þjónustuþega, kyn, aldur, búseta og þjóðerni.

Heildarfjöldi þjónustuþega á starfsárinu 2018 var töluvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi tilraunaverkefnisins en 34% aukning var milli ára 2017 og 2018. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2017 komu 316 einstaklingar í Bjarkarhlíð en á fyrsta heila starfsárinu, 2018, komu 479 einstaklingar í Bjarkarhlíð. Stígamót og Kvennaathvarfið brugðust við með þeim hætti að auka viðveru sinna ráðgjafa í Bjarkarhlíð um helming.

Stærsti hópur þjónustuþega voru konur (87%) á aldrinum 18-39 ára (sjá mynd1). Flestir voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða 88%, þar af, flestir í Reykjavík (71%). Þjónustuþegar með erlent þjóðerni voru 13%.




Mynd 1. Aldursdreifing þolenda sem leituðu í Bjarkarhlíð á árinu 2018.

Gerendur voru í meiri hluta tilfella íslenskir (85%) karlar (87%) og flestir á aldersbilinu 30-49 ára, eða 52% allra gerenda.

## 2. Ástæða þess að þjónustuþegi kom í Bjarkarhlíð

Við komu í Bjarkarhlíð eru einstaklingar beðnir að svara nokkrum spurningum þeirra á meðal hver sé aðalástæðan fyrir því að leitað sé til Bjarkarhlíðar.

Flestir nefna aðalástæðuna heimilisofbeldi eða 53%, þar á eftir kemur kynferðislegt ofbeldi (20%) og síðan andlegt ofbeldi (19%), sjá nánar í mynd 2.



Mynd 2. Aðalástæða komu í Bjarkarhlíð.

Þegar skoðað er hvernig mál koma í Bjarkarhlíð má hafa mynd 2 hér fyrir ofan til hliðsjónar. Þá má sjá að 53% þjónustuþega flokka ofbeldið sem þeir hafa sætt sem „heimilisofbeldi“. Þegar hins vegar er spurt um tengsl við gerenda kemur upp örlítið önnur mynd því þar nefna 80% þjónustuþega að gerandinn sé *barn, ættingi, núverandi maki eða fyrrverandi maki*. Ef heimilisofbeldi er skilgreint eftir tengslum við geranda þá myndi hlutfall heimilisofbeldismála í Bjarkarhlíð á árinu 2018 hækka í 80%. Ef við skoðum síðan einungis hlutfall þeirra sem nefna að gerandinn sé núverandi eða fyrrverandi maki þá segja 61% þjónustuþega svo vera.

Ef til vill má skýra þennan mun á því að fólk lítur ef til vill ekki á það sem „heimilisofbeldi“ ef til dæmis barn ræðst á foreldri sitt, ef þar hefur slitið samvistum þegar ofbeldi á sér stað, eða ef ofbeldið á sér stað annars staðar en inni á heimilinu.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Ársskýrsla 2018

3. Hver sagði þér frá Bjarkarhlíð og hvernig hafðir þú samband?

Flestir nefna að vinir, fjölskylda eða kunningjar hafi bent sér á Bjarkarhlíð eða 27%. Velferðarsvið (20%), heilbrigðisstarfsmenn (12%) og opinber umfjöllun (12%) kemur þar á eftir. Sjá nánar í töflu 1.

Ábending	Hlutfall
Vinur/kunningi/fjölskylda	27%
Velferðarsvið	20%
Heilbrigðisstarfsmenn	12%
Opinber umfjöllun	12%
Samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar	10%
Lögregla	9%
Barnavernd	5%
Fann sjálf/ur upplýsingar	4%


Tafla 1. Hver sagði þér á Bjarkarhlíð?

Flestir þjónustugegar höfðu samband símleiðis (85%) áður en þeir komu í viðtöl en mikilvægi þess að hafa samband í gegnum samfélagsmiðla (2%) eða tölvupóst (6%) sýndi sig jafnframt. um að Einnig var nokkuð þjónustugegar mættu á staðinn (6%) til þess að kynna sér aðstöðuna eða hreinlega til þess að óska eftir aðstoð.

4. Almennt um ofbeldið og afleiðingar þess

Af þeim sem komu í Bjarkarhlíð á árinu 2018 höfðu 51% haft sjálfsvígshugsanir í tengslum við ofbeldið. Stór hluti þjónustugega eða 82% hafði sögu um fyrri áföll, þá er átt við áföll sem mörkuðu djúp spor í líf viðkomandi. Þegar spurt var um síðasta ofbeldisatvik kom í ljós að vopn hafði verið notað í 16% tilfella og munir höfðu verið eyðilagðir í 43% tilfella. Alls höfðu 65% þolenda rætt ofbeldið við gerandann en oftast kenndi gerandinn þolenda um ofbeldið (39%), hafnaði ofbeldinu (36%) eða viðurkenndi ofbeldi (19%). Snertifletir við þjónustu í samfélaginu eru margir fyrir þá þolendur ofbeldis sem í Bjarkarhlíð leita. Á mynd 3 má sjá að fimmtungur hafði áður farið til lögreglu, 13% leitað aðstoðar hjá þjónustumiðstöð, 10% höfðu farið til barnaverndar og 8% leitað aðstoðar á geðdeild vegna ofbeldisins.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg  
Ársskýrsla 2018



Mynd 3. Þjónusta sem þolandi hafði þegar fengið vegna ofbeldisins áður en hann kom í Bjarkarhlíð.

5. Þjónustuleið innan Bjarkarhlíðar

Eftir fyrsta viðtal er þjónustupegum vísað áfram í eitt eða fleiri úrræði innan veggja Bjarkarhlíðar. Heildarfjöldi einstaklinga sem kom í Bjarkarhlíð á árinu 2018 var 479. Hins vegar var einhverjum einstaklingum vísað í fleiri en eitt úrræði og var því heildarfjöldi tilvísanna á árinu 2018 alls 693. Ef skoðuð er dreifing tilvísanna kemur í ljós að 32% þjónustupega var meðal annars vísað í næsta viðtal í Kvennaathvarfið, 26% bent á að ræða við lögreglu og 13% bent á að leita til Stígamóta fyrir sitt næsta viðtal. Sjá nánar í töflu 2.

Samstarfsaðili - Tilvísun	Hlutfall
Kvennaathvarf	32%
Lögreglan	26%
Stígamót	13%
Dreklóð	8%
Félagsráðgjafi	6%
Kvennaráðgjöfin	6%
Annað	5%
Mannréttindaskrifstofa Íslands	3%
Barnavernd	1%

Tafla 2. Dreifing tilvísanna eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð.

### **Samstarfsverkefni**

Eitt samstarfsverkefna Bjarkarhlíðar frá árinu 2017 hélt áfram 2018 en það var verkefni þriggja pólskra kvenna sem fengu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands árið 2017 til þess að vera með „Opið hús“ í Bjarkarhlíð. Tilgangur verkefnisins var að ná til pólskra kvenna búsettra á höfuðborgarsvæðinu og kynna fyrir þeim úrræði sem geta komið þeim til hjálpar ef þær sæta ofbeldi. Verkefnið fór rólega af stað og var opið hús frá 17 til 19 alla þriðjudaga þar sem pólskar konur hittust og mynduðu tengslanet ásamt því að fá fræðslu og stuðning í tengslum við afleiðingar ofbeldis.

Annað samstarfsverkefni var námskeið um „umhyggjurík samskipti“ eða *Non violent communication*. Sérfræðingar í þessari nálgun héldu námskeið fyrir starfsfólk Bjarkarhlíðar og Stígamóta og var þessum námskeiðum vel tekið og talið að þau gætu nýst þjónustuþegum Bjarkarhlíðar vel. Verkefnið „umhyggjurík samskipti“ fékk styrk frá Lýðheilsusjóði 2018 og var haldið námskeið í Bjarkarhlíð fyrir þjónustuþega þeim að kostnaðarlausu.

Samstarf við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands hefur verið frá upphafi og var einn starfsnemi á lokaári á vorönn 2018. Tveir nemar voru í 6 vikur á haustönn 2018 en þeir voru í sínu fyrsta starfsnámi. Starfsnemar eru mikilvæg viðbót við starfslið Bjarkarhlíðar og hafa þeir komið að skipulagsmálum og framkvæmt þjónustukönnun fyrir 2017.

Samstarf við Mjólnir - Bardagaíþróttir um námskeiðið Sjálfsvörn fyrir konur, hefur verið frá ársbyrjun 2018 og veittu Mjólnir þjónustuþegum Bjarkarhlíðar aðgang að námskeiðinu þeim að kostnaðarlausu. Kemur starfsmaður Bjarkarhlíðar inn á námskeiðið með fræðslu ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Bjarkarhlíð hefur verið í nánú samstarfi og stutt við undirbúning opunar polendamiðstöðvar á Norðurlandi sem áætlað er að opni á fyrrihluta 2019.

### **Þjónustukönnun kynnt 2018**

Í samstarfi við Drífu Jónasdóttur, verkefnastjóra hjá Kvennaathvarfinu, var hönnuð þjónustukönnun sem starfsnemar í Bjarkarhlíð hringdu út til þjónustuþega. Könnunin gekk vel og en alls var reynt að ná í 89 (28%) einstaklinga af 316 þjónustuþegum sem komu í Bjarkarhlíð á árinu 2017. Svöruðu alls 81 þjónustuþegi könnuninni eða 91% af

## Bjarkarhlíð við Bústaðarveg Ársskýrsla 2018

Þeim sem úrtakið náði til. Þar sögðu 94% að þeir myndu mæla með þjónustu Bjarkarhlíðar. En 72% sögðust mjög ánægðir með þjónustuna, 14% voru ánægðir en 10% þjónustuþega voru mjög óánægðir með þjónustu Bjarkarhlíðar. Þegar spurt var hvort þjónustuþegar hefðu áður sótt sér þjónustu varðandi afleiðingar ofbeldis svöruðu 53% játandi en 47% höfðu aldrei fengið aðstoð áður. Af þeim sem höfðu fengið einhverja þjónustu áður sögðu 88% að þjónusta Bjarkarhlíðar bætti einhverju við miðað við fyrri aðstoð. Nefnt var að viðbótin fælist í betri útskýringum og meiri sérhæfingu. Eins nefndu 18% að þeir hefðu kært ofbeldið í kjölfar komu í Bjarkarhlíð.

### **Styrkir**

Margir hafa hugsað hlýlega til Bjarkarhlíðar á árinu 2018. Má þar nefna styrki frá Nóa Sírius, Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Íslensk Ameríska. Styrkur barst frá Íslandsbanka upp á 180.000 kr.- í kjölfar Reykjavíkumaraþons. Þá hefur kona í nágrenninu komið reglulega til okkar með útsaumuð viskustykki, kerti og fleira fallegt sem sýnir vel þann velvilja sem við njótum í samfélaginu. Landsbankinn styrkti Bjarkarhlíð um kr. 500.000.- vegna vinnu við heimasíðugerð og kynningarmál. Sótt var um styrki til fimm nágrannasveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2018 og bárust jákvæð svör frá þeim öllum. Bjarkarhlíð hlaut styrk úr Lýðheilsusjóði fyrir árið 2018 í samstarfi við leikni.is til að gera fræðslufni um birtingarmyndir ofbeldis fyrir fatlaða og þroskaskerta.

### **Bjarkarhlíð og framtíðin**

Heildaraukning mála milli árana 2017 og 2018 er 34% og má því segja að Bjarkarhlíð hafi sýnt fram á þörf samþættrar þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Samstarfsaðilar frá ríkinu, Reykjavíkurborg, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu ásamt grasrótarsamtökunum voru allir samþykkir því á aðalfundi í apríl 2018 að tryggja skyldi áframhald Bjarkarhlíðar að tilraunatímabilinu loknu. Með fjármagni frá dómsmálaráðuneytinu um mitt ár 2018 var því ljóst að starfseminni yrði tryggður fjárhagsleg öryggi til þess að gera verkefnið varanlegt. Þjónustuþegar hafa nýtt sér Bjarkarhlíð og sýnt úrræðinu velviljafrá upphafi. Þverfagleg samvinna hefur sannað gildi sitt með aukinni þjónustu og bættu öryggi fyrir þjónustuþega á einum stað.

### **Bjarkarhlíð varanlegt verkefni**

Frá og með 1. janúar 2019 mun Bjarkarhlíð starfa sem varanlegt verkefni. Samstarfsaðilar verða þeir sömu og á tilraunatímabilinu. Ákveðið var að breyta starfsheiti verkefnisstjóra í teymisstjóra og sérfræðings í ráðgjafa. Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi, MSW, gegnir starfi teymisstjóra og Hrafnhildur Sigmarsdóttir, BA í mannfræði starfi ráðgjafa. Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar er þakklátt fyrir áframhaldandi stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og annarra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja til að vinna saman í þágu þolenda ofbeldis með áframhaldandi starfsemi í Bjarkarhlíðar.



Bjarkarhlíð í vetrarbúningi